

Tillaga um samfélags- og viðburðahús í Garðabæ

Í tilefni af 50 ára afmæli Garðabæjar samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að vinna að byggingu samfélags- og viðburðahúss í bænum.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að undirbúa þarfagreiningu, staðsetningu, hönnun og framkvæmdir.

Greinargerð

Markmiðið með samfélags- og viðburðahúsi er að skapa nýjan kjarna fyrir menningu og samfélagslega starfsemi í Garðabæ. Stuðlað verði að virkri þátttöku ólíkra aldurshópa þannig að húsið verði lifandi hluti af daglegu lífi bæjarbúa, fremur en rými sem aðeins er nýtt við sérstök tilefni.

Ákveða þarf staðsetningu fyrir húsið og vinna vandaða þarfagreiningu, þar sem horft verði til að byggja upp sveigjanlegt og fjölnota rými sem verði í stöðugri notkun allt árið. Við þarfagreiningu verði litið til rýma sem nýtist til fjölbreytts viðburðahalds, sýninga, samkomna og skapandi starfs.

Sérstök áhersla verði lögð á að bæta aðstöðu fyrir Bókasafn Garðabæjar og starf með börnum og ungmennum, þar sem leik- og athafnarými verði samþætt menningar- og samfélagsstarfi hússins. Jafnframt verði horft til sameiginlegrar notkunar með Hönnunarsafni Íslands og annarri menningarstarfsemi.